

## Dómsorð:

Máli þessu vísast frá dómi.

Stefnandi, Þorkell Björnsson, greiði stefnda, Steini Steinsen f. h. bæjarstjórnar Akureyrar, kr. 350.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 23. júní 1952.

Kærumálið nr. 12/1952.

**Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**  
 gegn  
**Jóni Dúasyni.**

Frávísun.

**Dómur Hæstaréttar.**

Með kæru 31. maí þ. á., er hingað barst 13. þ. m., hefur sóknaraðili kært dóm bæjarþings Reykjavíkur, er upp var kveðinn 30. maí þ. á., en með honum var máli sóknaraðilja á hendur varnaraðilja vísað frá dómi. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði dómur verði felldur úr gildi og að honum verði dæmdur kærumálskostnaður eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að sóknaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber sóknaraðilja að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, er ákveðst kr. 300.00.

## Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði varnaraðilja, Jóni Dúasyni, kærumálskostnað, kr. 300.00.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. maí 1952.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 21. þ. m., hefur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs höfðað fyrir bæjarþinginu að undangenginni árangurslausri sátttaumleitan með stefnu, útgefinni 25. marz 1952, gegn dr. juris Jóni Dúasyni, Þingholtsstræti 28 hér í bænum.

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að viðurkennt verði, að ríkissjóður sé eigandi dómkröfunnar í bæjarþingsmálinu nr. 834/1950: Jón Dúason gegn Oddnýju Sen og að stefndi verði dæmdur til að framselja ríkissjóði dóminn. Þá hefur stefnandi krafizt málskostnaðar sér til handa úr hendi stefnda að mati dómarans.

Oddnýju Sen, Miklubraut 40 hér í bæ, hefur verið stefnt til réttargæzlu í málinu. Engar kröfur hafa verið gerðar á hendur réttargæzlustefnda, og hún hefur engar kröfur gert.

Stefndi hefur aðallega krafizt þess, að máli þessu verði vísað frá bæjarþinginu, en til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Í báðum tilvikum hefur hann krafizt málskostnaðar að skaðlausu.

Munnlegur málflutningur hefur sérstaklega farið fram um frávísunarkröfuna.

Málsatvik eru þau, að með dómi, uppkveðnum á bæjarþingi Reykjavíkur 15. september 1951, var Oddný Sen dæmd til að greiða stefnda í þessu máli kr. 154.000.00 með 6% ársvöxtum frá 29. des. 1947 til greiðsludags og kr. 8.000.00 í málskostnað. Þá var staðfest lóghald, er stefndi hafði látið leggja á fasteign Oddnýjar Sen að Miklubraut 40 þann 5. des. 1950 til tryggingar kröfum þessum. Skuld þessi var samkvæmt skýrslu stefnda stofnuð seint á árinu 1946 og til 29. des. 1947. Bæjarþingsdómi þessum hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að stefndi hafi ekki talið inneign þessa með eignum sínum á framtali því, er hann gerði í sambandi við eignakönnun þá, er fram fór (miðað við 31. des. 1947) samkvæmt ákvæðum II. kafla laga nr. 67 frá 1947. Telur stefnandi því, að samkvæmt 18. gr. laga þessara sé fé þetta eign ríkissjóðs.

Frávísunarkröfu sína byggir stefndi á því, að hér sé um upptöku eigna að ræða, en samkvæmt ákvæðum 6. tl. 2. gr. laga nr. 27 frá 1951 skuli rannsókn og meðferð slíkra mála sæta meðferð opinberra mála, og samkvæmt 4. gr. laganna skuli þau mál rekin fyrir sakadómi. Mál þetta heyri ekki undir bæjarþingið, og beri að vísa því þar frá dómi. Hefur stefndi bent á, að samkvæmt 19. gr. laga nr. 67 frá 1947 sé refsing við því lögð, ef gefnar séu rangar, villandi eða ófullkomnar upplýsingar um eignir í hinu sérstaka framtali, sem ákveðið er í lögnum. Þá hefur stefndi bent á, að fjármálaráðherra hafi ekki vald til að fyrirskipa málshöfðun í því skyni að fá eignir gerðar upptækar, því samkvæmt ákvæðum 115. gr. laga nr. 27 frá 1951 sé það vald falið dómsmálaráðherra. Í máli þessu verði ekki séð, að dómsmálaráðherra hafi fyrirskipað neina málshöfðun á hendur stefnda.

Stefnandi hefur krafizt þess, að frávísunarkröfu þessari verði hrundið.

Kröfu sína að þessu leyti byggir hann á því, að í 18. gr. eignakönnunarlaganna segi, að eign sú, er maður dragi af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi undan við hið sérstaka framtal samkvæmt II. kafla laganna, falli óskipt til ríkissjóðs. Fé það, er þannig sé dregið undan, sé því eign ríkissjóðs án nokkurra sérstakra athafna af hans hálfu. Í VI. kafla laganna sé framkvæmd þeirra falin sérstakri nefnd, er fjármálaráðherra skipar. Nefnd þessi hafi nú fyrir löngu lokið störfum, og fjármálaráðherra hafi tekið við framkvæmd laganna, að því leyti er slíkt komi til enn. Fé það, sem hér sé um deilt, hafi stefndi ekki talið fram á eignakönnunarframtali sínu, og hafi það þar með orðið eign ríkissjóðs. Fjármálaráðherranum beri að sjá um, að það fé komi í ríkissjóð, og sé bær um að höfða mál til heimtu þess. Slík mál eigi að reka fyrir bæjarþingi, enda sé hér ekki um neina upptöku eigna að ræða. Beri því að hrinda frávisunarkröfunni.

Í 18. gr. laga nr. 67 frá 1947 segir svo: „Nú skýrir maður af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi rangt frá eignum sínum á hinu sérstaka framtali samkvæmt þessum kafla, og skal þá eign sú, sem hann þannig dregur undan, falla óskipt í ríkissjóð“. Þá segir í 19. gr. laganna, að hver sá, sem af ásetningi gefur rangar, villandi eða ófullkomnar upplýsingar um eignir sínar á hinu sérstaka framtali, skuli sæta sektum. Þegar þessi ákvæði eignakönnunarlaganna eru virt, þykir ljóst, að í 18. greininni sé verið að gera eignir upptækar vegna brota á landslögum. Slík mál skal reka fyrir sakadómi og með þau farið að hætti opinberra mála samkvæmt ákvæðum 6. tl. 2. gr. og 1. mgr. 4. gr. laga nr. 27 frá 1951. Mál þetta verður því ekki rekið fyrir bæjarþinginu og ber því að vísa því þar frá dómi.

Eftir þessum málalokum þykir rétt með vísan til ákvæða 1. mgr. 180. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma stefnanda til að greiða málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

#### Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá bæjarþinginu.

Stefnandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnda, Jóni Dúasyni, kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.